

Nd. 630. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

10. gr. b og c orðist svo:

b. Allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.

c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.

2. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

19. gr. orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

4. gr.

Fyrir orðin „þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár“ í 20. gr. laganna komi: þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins.

5. gr.

26. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

6. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.:

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurfjöfnun.

7. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 40000 kr. 20%.

Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.

2. Félög:

Af fyrstu 75000 kr. 20%.

Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

8. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milli-göngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

9. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

10. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963 inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögum um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.